

Leiðtogar í eigin námi



Nemendur í Hríseyjar- og Grímseyjarskóla



Leiðtogar í eigin námi

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Skóli: Hríseyjarskóli

Verkefni: Leiðtogar í eigin námi

Verkefnisstjóri: Soffía Vagnsdóttir

Samstarfsaðili: Grímseyjarskóli og Skóladeild Akureyrarbæjar

Númer samnings: UMS-164. Verkefnið hlaut styrk fyrir skólaárið 2016-2017

Markmið verkefnis

Helstu markmið verkefnisins voru dregin saman í eftirfarandi þætti í umsókninni til Sprotasjóðs:

- Að losa um stundaskrá og opna möguleika á lotutengdu og áhugasviðstengdu námi í anda Sudbury skóla
- Að nýta kosti þess að vera með aldursblandaðan nemendahóp sem spannar aldur allt frá leikskóla til loka grunnskóla
- Að kenna nemendum að skipuleggja nám sitt sjálfir
- Að nýta þekkingu gesta eyjanna til að efla fróðleiksfýsni og leiðsagnarhæfileika nemenda
- Að þjálfa nemendur í samskiptum, gera þá sjálfstæða í námi og að þeir þekki leiðir til að leysa viðfangsefni sem þeir sjálfir hafa valið að læra
- Að auka fjölbreytni náms í fámennum skóla, ekki síst með nýtingu tækni og tengsla við aðra skóla
- Að leggja megináherslu á einstaklinginn út frá hans áhugasviði og hæfni, ekki einblína eingöngu á aldur nemandans
- Að styrkja grunnskóla í eyjasamfélögum Akureyrar sem miðpunkt mennta fyrir alla aldurshópa og sem skapandi smiðju á hvorum stað
- Að nýta menntun til að styðja við menningarstarfsemi í hvorri eyjunni enn frekar
- Að nýta styrkleika eyjabúa og gesta til að leggja skólanum lið með því að skipuleggja heimsókn í skólann á hvorum stað a.m.k. fjórum sinnum á ári
- Að nýta einstaka náttúru eyjanna til náms og kynningar; nemendur verði „leiðsögumenn“ gesta
- Að forritun verði hluti af verkefninu og nemendur hvattir til skapandi verkefnaskila

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Leitað var til sérfræðinga á Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) til þess að veita faglegan stuðning við verkefnið. Haldnir voru fundir í gegnum fundarforritið Zoom á 3-4 vikna fresti allt skólaárið. Það var í höndum sérfræðinga MSHA að halda utan um fundina en þá sóttu verkefnastjóri, skólastjórar og kennarar skólanna. Á fundunum var farið yfir viðfangsefni verkefnisins, framgang þess og árgangur.

Strax í upphafi skólaárs var farin sú leið að stokka upp hefðbundinni stundatöflu nemenda í Hríseyjarskóla. Í stað þess að skilgreina ákveðnar námsgreinar í 40 eða 60 mínútna kennslustundir þá eru kjarnagreinar skilgreindar í lotur og nemendur geta valið þá námsgrein innan kjarnagreinnanna sem

Þeir vinna í hverju sinni út frá markmiðssetningu þeirra. Hér er tengill inn á Skóla-akur vefrit um skólamál þar sem nýrri stundatöflu nemenda í Hríseyjarskóla eru gerð skil:

[Skóla-akur](#)

Bæði kennarar og nemendur voru ánægðir með nýja fyrirkomulagið á stundatöflunni og ákveðið hefur verið að halda þessu fyrirkomulagi á næsta skólaári.

Sudbury vika/Leiðtogar í eigin námi (LEN) vika var haldin í hvorum skóla fyrir sig þar sem nemendur skipulögðu nám sitt í heila viku, völdu sjálfir viðfangsefni, markmið og leiðir út frá áhugasviði.

Viðfangsefni voru bæði fjölbreytt og krefjandi.

Mörg áhugaverð viðfangsefni litu dagsins ljós og var mikil ánægja bæði kennara og nemenda með þessa viku.

Nemendur og kennarar í Grímsey heimsóttu Hrísey dagana 8. -11. maí þar sem fram fór samkenntla. Þessa daga fengu nemendur til sín sundkennara og tónlistarkennara og þá fengu

einnig kennarar og nemendur Snjallvagninn, frá MSHA, til sín þar sem kennt var tæki og tól til forritunar. Fyrirkomulag Snjallvagnsins var þannig að nemendum var skipt upp í snjallsmiðjur.

Leikskólabörnin unnu forritunarverkefni með Osmo, Kubbb og lifruna frá Fischer Price. Grunnskólanemendur unnu forritunarverkefni með Dash, Osmo, aukinn veruleika og sýndarveruleika. Nemendur (leik- og grunnskóla) nutu einnig leiðsagnar gestakennarana. Þema



Tónlistarkennsla



Nemendur að forrita Dash



Upprennandi forritarar

vikunnar var útikennsla og fór mikill hluti kennslunnar fram úti undir berum himni þar sem fram fór fjölbreytt kennsla.

Eins fengu nemendur í Hríseyjarskóla aðra góða gesti til sín á skólaárinu, gestakennara í forritun, smíðakennara og listakonu frá Finnlandi sem kenndi listir.

Dagana 22. -24. maí heimsóttu kennarar og nemendur Hríseyjarskóla Grímsey heim. Þessi ferð var vorferð nemenda í Hrísey. Grímseyingar skipulögðu dagskrá alla dagana sem tókst mjög vel, þar sem m.a. var farið í ratleik um eyjuna, sundlaugapartý og haldin kvöldvaka. Kennarar og nemendur Hríseyjarskóla voru viðstödd skólaslit Grímseyjarskóla og þá ávarpaði verkefnastjóri verkefnisins einnig samkomuna í gegnum Skype.

Auk nemenda og kennara skólanna komu foreldrar nemenda og aðrir íbúar eyjanna að einhverju leyti að undirbúningi og þátttöku í báðum heimsóknunum. Foreldrar t.d. elduðu kvöldmat, aðstoðuðu við gistingu, sáu um varðeld og margt fleira. Þá voru þeir ásamt öðrum íbúum bæði beinir og óbeinir þátttakendur í ratleiknum sem fram fór í Grímsey. Nemendur fengu tækifæri til þess að æfa sig í vera „leiðsögumenn“ þegar þeir kynntu „sína eyju“ fyrir kennurum og nemendum á meðan á heimsóknunum stóð.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins


Farið var í tvær heimsóknir á skólaárinu en ekki fjórar eins og gert var ráð fyrir í umsókninni. Einungis nemendur í grunnskólanum fóru í heimsóknirnar, ekki börn úr leikskólanum. Leikskólabörnin tóku hins vegar þátt í heimsóknunum á báðum stöðum, þ.e. í sinni heimabyggð.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Markmiðin voru yfirgripsmikil og mjög metnaðarfull. Til þess að geta fest viðfangsefnið ennfrekar í sessi sem hluta af öllu skólastarfi þá hefði verkefnið þurft að vera til tveggja ára. Hins vegar er mikill vilji hjá báðum skólunum að halda áfram með verkefnið og stefnan er sett á áframhaldandi þróun.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Í undirbúningi Sudbury/LEN vikunnar fór fram mikil vinna og ígrundun á lykilhæfni hugtökin í Aðalnámsskrá grunnskóla. Sú vinna var stór partur að skipulagi fyrir Sudbury/LEN vikuna þar sem unnið



var sérstaklega með alla þætti lykilhæfninnar. Nemendur eru mun meðvitaðri um þessa þætti þar sem unnið var markvisst með nemendum í að skilgreina hugtökin og nota þau þegar þeir sjálfir skipulögðu viðfangsefni sín, markmið og leiðir.

Í kjölfar Sudbury/LEN vikunnar var sú breyting gerð á stundatöflu nemenda í Grímsey að 1-3 kennslustundir á viku voru tileinkaðar þessari hugmyndafræði þar sem nemendur skipulögðu sjálfir viðfangsefni, markmið og leiðir til þess að vinna að þeim.

Þau ánægjulegu og jákvæðu auka áhrif sem verkefnið leiddi af sér eru mun sterkari tengsl milli íbúa eyjanna. Kennarar tengdust betur og sterk vináttu- og félagatengsl mynduðust á milli nemenda. Kennarar fundu fyrir auknum faglegum styrk við það að eiga í nánari samstarfi við aðra kennara í fámennum skóla og með svipaða sérstöðu hvað varðar umhverfi og nærsamfélag.



Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Markmiðum var náð á þann hátt sem stefnt var að í upphafi en það tekur tíma að festa nýjan hugsunarhátt og nýja hugmyndafræði í sessi. Verkefnið tókst mjög vel og er fyrsta skrefið í áttina af því að ný hugmyndafræði og nýtt og breytt vinnulag haldi áfram að þróast og verði hluti af skólasamfélaginu.

Hríseyjarskóli ætlar að halda sama stundatöflu fyrirkomulag og var á þessu skólaári og Grímseyjarskóli ætlar einnig að breyta sinni stundaskrá og taka upp samskonar fyrirkomulag fyrir sína nemendur skólaárið 2017-2018. Þá hefur einnig verið ákveðið að Grímseyjarskóli haldi inni LEN tímum inn á stundatöflu sem eru í anda Sudbury hugmyndafræðinnar þar sem nemendur vinna viðfangsefni eftir áhugahvöt hverju sinni.



Niðurstöður verkefnisins

Stefnt var að því að verkefnið myndi leiða af sér sterkari nemendur og sterkari skóla í afskekktum byggðum sveitarfélagsins Akureyri þar sem nemendur sýndu meira sjálfstæði og tækju enn frekari ábyrgð á eigin námi. Verkefnið leiddi af sér hvoru tveggja þar sem nemendur fengu tækifæri til þess að vera leiðtogar í eigin námi með fjölbreyttum leiðum og aðferðum á skólaárinu eins og t.d. með nýju fyrirkomulagi á stundatöflu og Sudbury/LEN viku. Nemendur skipulögðu þá



nám sitt sjálfir, völdu viðfangsefni, markmið og leiðir. Þær breytingar sem gerðar voru höfðu jákvæð áhrif og til stendur að halda áfram að starfa í þeim anda og þróa áfram. Einnig varð verkefnið til þess að báðar eyjarnar, Hrísey og Grímsey, skipa stærri sess í hugum nemenda og íbúa þar sem markvisst var farið í að kynna náttúrufer og mannlíf eyjanna og efla með þeim hætti tengslin á milli íbúa þeirra. Tæknin og samfélagsmiðlar voru nýttir til þess að styrkja tengsl kennara í skólunum og nemenda þeirra. Kennarar notuðu m.a. Zoom fundarforritið til þess að hittast og ræða saman með góðum árangri. Nemendur notuðu Skype og Facetime til þess að „hittast“ og samhliða tækninni notuðu þeir einnig gamla góða póstin til þess að koma ápreifanlegum skilaboðum sína á milli. Þá voru nemendur einnig hvattir til að skapandi verkefnaskila, t.d. með myndböndum, sem skiluðu sér í skólastarfið.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Starfsmenn beggja skóla eru tilbúnir til þess að miðla reynslu sinni af þessu verkefni til annarra skóla og þá sérstaklega til fámennra skóla. Þátttakendur í verkefninu eru að vinna í því að stofna facebook síðu fyrir fámenna skóla með það að markmiði að efla tengslin þeirra á milli. Eins er verið að skoða þann möguleika að kynna verkefnið á Menntabúðum sem haldnar verða á Akureyri þann 15. ágúst n.k. Þá kom einnig kom upp sú hugmynd um að skrifa grein um verkefnið í Skólavörðuna. Í október birtist frétt í Skóla-akri vefriti um skólamál í tengslum við verkefnið og þar var fjallað um breytingar á stundatöflum nemenda í Hrísey. Sjónvarpsstöðin N4 heimsótti einnig Hrísey í haust og þar var m.a. fjallað um Sudbury viku skólans.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Í kjölfar verkefnisins og heimsóknar MSHA með Snjallvagninn hefur verið ákveðið að styrkja skólastarfið ennfrekar í báðum eyjunum með auknum tækjabúnaði.

Til þess að styrkja tengslin á milli íbúa eyjanna fengu nemendur þá hugmynd um að stofna sameiginlegan hóp inn á Facebook fyrir nemendur, kennara og aðstandendur nemenda í báðum eyjunum. Hugmyndin er sú að búa til lokaðan hóp þar sem eyjaskeggar geta deilt með hópnum reynslu,

upplifunum og öllu því sem þeim dettur í hug. Nemendur hafa fundið nafn á Facebookhópinn sem er lýsandi fyrir báðar eyjarnar: Grísey



22. júní 2017, Akureyri

Soffía Vagnsdóttir, verkefnastjóri

Þórunn Arnórsdóttir, skólastjóri ábyrgðarskóla

Sigríður Ingadóttir, MSHA